



# RÍKISENDURSKOÐUN

Bréttartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis	5. febrúar 2016	16020022
Hr. Einar K. Guðfinnsson		0.00
v/ Austurvöll		SA/bb
150 Reykjavík		

**Efni: Opinber gagnrýni Vigdísar Hauksdóttur, formanns fjárlaganefndar Alþingis, á störf ríkisendurskoðanda**

Í þættinum Eyjuni á Stöð 2, sunnudaginn 31. janúar sl., lét Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, eftirfarandi ummæli falla í svari við fyrirspurn þáttarstjórnanda:

*Þáttarstjórnandi: Að öðru þó að það tengist þessari leyndarhyggju. DV var að fá núna úrskurð upplýsinganefndar varðandi starfslokasamninga hjá Ríkisútvarpinu ohf. Þetta mál er búið að vera í meira en eitt ár. Kallað eftir þessum samningum en nú skýlir Ríkisútvarpið sér á bak við það að það þurfi bara að svara upplýsingum er varðar útvarpsstjóra ekki framkvæmdastjórnann [...]. Eh og blaðamenn segja margir að þetta verði til þess að opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki þurfi að gefa miklu meira af upplýsingum heldur en áður. Er þetta ekki dæmi um leyndarhyggju sem að ekki er í lagi ef að, ef að allt á að vera uppi á borði?*

*Vigdís Hauksdóttir: Jú í fyrsta lagi sýnir þetta fram á það hvað það var röng leið að fara í þá vegferð að ohf-væða ákveðin ríkisfyrirtæki, svo það sé sagt fyrst. Þetta með þessa starfslokasamninga þetta er að mínu mati á mörkunum að vera löglegt því það má ekki gera starfslokasamning við opinbera starfsmenn, það beinlínis er ekkert ákvæði um það í starfsmannalögum og það, það er bannað og sýnir hvað sko allt er sofandi, bæði umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðandi að það færist svo í vöxt að, að opinberir starfsmenn eru að gera starfslokasamning við ríkið og það er hvergi heimild fyrir því í lögnum. [breiðletr. undirritaðs]*

Í þættinum Bítinu á Bylgunni, mánudaginn 1. febrúar sl., lét formaðurinn eftirfarandi ummæli falla í samtali við þáttarstjórnendur:

*Þáttarstjórnandi: Þarf að rannsaka ráðuneytið? [fjármála- og utanríkisráðuneytið]*

*Vigdís Hauksdóttir: Það þarf að rannsaka þessi skjöl og bara ykkur að segja þá er það, sko hérna nú er ég kannski að segja eitthvað sem að fellur ekki vel í kramið hjá embættismönnum en það er nú heldur ekki mjög traustvekjandi að það eru mikil fjölskyldutengsl á milli aðila sem að eru í fjármálaráðuneytinu og t.d. ríkisendurskoðanda. [breiðletr. undirritaðs]*

*Þáttarstjórnandi: Þá ertu að tala um að ráðuneytisstjórninn eða hvað?*

*Vigdís Hauksdóttir: Nei nei það er þarna maður sem að t.d., ég tek sem dæmi, að sem er mjög hátt settur í ráðuneytinu er bróðir ríkisendurskoðanda. [breiðletr. undirritaðs]*

*Þáttarstjórnandi: Jáá.*

*Vigdís Hauksdóttir: Þannig að það er sko, í hvaða ríki mundi það líðast að hérna ef að við værum systkini Heimir að hérna ég væri mjög hátt sett og færi með fjármál ríkisins og svo værir þú ríkisendurskoðandi og þú værir að skoða verkin mín, systur þinnar?*

Vegna þessara ummæla sé ég mig knúinn til þess að taka eftirfarandi fram:

### **Upplýsingaskylda félaga í eigu ríkisins**

Þegar Alþingi ákveður að breyta ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki í hlutafélag, sbr. t.d. áður lög nr. 6/2007 og nú lög 23/2013 um Ríkisútvarpið, skerðist óhjákvæmilega aðgengi þess og almennings að upplýsingum um rekstur, fjármál og innri mál viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis enda verður lögformleg staða þeirra framvegis einkaréttarlegs eðlis. Þingmönnum má vera þetta ljóst. Nægir í þessu sambandi að vísa til skýrslu forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins á þsk. 25 á 122. löggjafarþingi 1997-98 og greinargerðar með frv. að lögum nr. 56/2009 um breyting á lögum um Ríkisendurskoðun. Með nefndum lögum nr. 56/2009, sem fólu í sér breytingu á 10. gr. laga um Ríkisendurskoðun, var stofnuninni heimilað að veita fjárlaganefnd upplýsingar um innri málefni hlutafélaga í eigu ríkisins en áskilja má að slíkar upplýsingar séu þá háðar trúnaði með hliðstæðum hætti og gildir um utanríkismálanefnd, sbr. 24. gr. þingskapalaga. Sömu sjónarmið og búa að baki takmörkunum á aðgangi að upplýsingum skv. 6.–10. gr. upplýsingalaga, eru m.a. lögð til grundvallar við mat á því hvort Ríkisendurskoðun áskilur trúnað í þessum tilvikum. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að þegar Ríkisendurskoðun aflar gagna í trúnaði þá eru þau afhent fjárlaganefnd með áskilnað um trúnað. Fjárlaganefnd hefur mér vitandi ekki óskað eftir aðgangi að gögnum varðandi málefni RÚV með vísan til 10.gr. laga um Ríkisendurskoðun. Ef vilji þingmanna stendur til að rýmka aðgang Alþingis eða almennings að gögnum um innri málefni hlutafélaga í eigu ríkisins, þá verða þeir að sammælast um lagabreytingar í þá veru.

Vegna fullyrðinga þingmannsins um sofandahátt ríkisendurskoðanda (Ríkisendurskoðunar) þegar kemur að starfslokasamningum, þá hefur hann ekki verið meiri en svo að gerð var grein fyrir þessu álitamáli í skýrslu stofnunarinnar *Mannauðsmál ríkisins 1. Starfslok ríkisstarfsmanna* frá janúar 2011 og í eftirfylgniskýrslu um sama efni í desember 2014. Í þessum skýrslum setur Ríkisendurskoðun fram mjög skýr sjónarmið um starfslokasamninga hjá ríkinu. Stjórnendur félaga í eigu ríkisins eru sem kunnugt er ekki bundnir af ákvæðum starfsmannalaga við gerð starfslokasamninga við starfsmenn sína, sbr. 1. tl. 2. mgr. 2. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### **Um fjölskyldutengsl og meint áhrif á störf ríkisendurskoðanda**

Að því er varðar dylgjur um að ég hafi ekki virt almennar hæfisreglur í starfi mínu sem ríkisendurskoðandi minni ég á að um leið og ég var ráðinn í það starf gerði ég forseta Alþingis grein fyrir fjölskyldutengslum mínum við Þórhall Arason, skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ekki verður heldur komist hjá að vekja athygli á því að Fjársýsla ríkisins

en ekki fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með bókhaldi og gerð ársreikninga ríkisaðila í A-hluta. Fjársýslan er sérstök stofnun sem heyrir undir ráðherra og veitir fjársýslustjóri henni forstöðu, sbr. nú 64. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Þó svo að stjórnarsýslulög gildi ekki um starfsemi Ríkisendurskoðunar hef ég að sjálfsögðu fylgt hæfis- og málsmeðferðarreglum þeirra eftir því sem tilefni hafa gefist til. Þótt Þórhallur hafi á sínum tíma aðeins stýrt einni af mörgum skrifstofum fjármálaráðuneytisins hef ég t.d. haft fyrir reglu að skipta mér ekki af endurskoðun á því eða verkefnum sem undir ráðuneytið heyra. Sviðsstjórar og aðrir starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa alfarið annast samskipti við starfsmenn ráðuneytisins vegna slíkrar endurskoðunarvinnu. Ég hef hins vegar skrifað undir bréf sem beinast að ráðuneytinu í heild enda eru slík bréf yfirleitt stíluð á ráðherra eða ráðuneytisstjóra.

Að mínu mati hefur ráðuneytið fengið alveg sömu afgreiðslu og önnur ráðuneyti varðandi endurskoðun ársreikninga. Þá leyfi ég mér að fullyrða að á þeim tíma sem ég hef gegnt starfi ríkisendurskoðanda hafa athugasemdir stofnunarinnar við ríkisreikning og störf Fjársýslu ríkisins og ráðuneytisins síst verið minni en í tíð fyrirrennara minna. Í endurskoðunarskýrslum um ríkisreikninga hafa ítrekað verið gerðar athugasemdir við frávik frá fjárreiðulögunum og þar með ársreikningalögum. Í minni tíð sem ríkisendurskoðandi hafa komið fram ábendingar í áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikninga frá árinu 2011 sem hafa verið áberandi og þungar. Ábendingar sem þessar voru nær óþekktar í tíð fyrirrennara minna. Að mínu mati er því ekki hægt að halda því fram að ég hafi hyggt eða hlíft ráðuneytinu á nokkurn hátt við endurskoðun vegna skyldleika míns við Þórhall.

Það er skoðun mín að þingmenn eigi að gæta að orðfæri sínu og alveg sérstaklega í fjölmiðlum og ræðustól Alþingis. Einnig tel ég eðlilegt að þeir kynni sér mál og málavöxtu þegar þeir tjá sig um mál sem eru þeim hugleikin. Í þessu sambandi bendi ég á drög að siðareglum fyrir alþingismenn, sjá mál 115 – þingsályktunartillaga.

